

Mál nr. 93/2026**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.****Vátryggingartaki ábyrgðartryggingar(X)****Skaðabótaábyrgð. Sönnun.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 26. febrúar 2026 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 16. mars 2026 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi, hinn 19. október 2024, verið stödd á árshátíð Y þegar hún hafi verið kölluð upp á svið í veislusalnum. X hafði séð um að setja upp sviðið og tröppur upp að því en þær voru staðsettar á hlið sviðsins. Þegar M var á leið niður af sviðinu skrikaði henni fótur og hún datt fram fyrir sig með þeim afleiðingum að hún hlaut líkamstjón. Í tjónstilkynningu M til V2, þangað sem hún sótti bætur úr frítímaslysatryggingu, er atvikum nánar lýst þannig að er hún var á leiðinni niður stigann baksviðs hafi buxurnar hennar flækst undir skónum með þeim afleiðingum að hún datt fram fyrir sig. Þar sem ekkert handrið hafi verið á tröppunum hafi hún ekki haft neitt til að grípa í.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á slysi hennar þar sem orsök þess sé að rekja til vanbúnaðar á sviðinu en nánar tiltekið hafi ekkert handrið verið við umræddar tröppur til að tryggja öryggi gesta og verja þá gegn falli. Því til stuðnings er vísað til ákvæða byggingarreglugerðar nr. 112/2012 ásamt síðari breytingum en þar komi fram að handrið skuli vera á öllum stigum, tröppum, pöllum, skábrautum og annars staðar þar sem hætta sé á falli. Af ljósmyndum af umræddum tröppum megi glögglega sjá að sitt hvorum megin við þær séu hólkar sem ætlaðir séu til þess að koma handriði fyrir. Hefði handrið verið til staðar hefði M getað gripið í það og með því komið í veg fyrir fallið. Hafi starfsfólk X sýnt af sér stórkostlegt gáleysi með því að setja sviðið og tröppur þess upp með fyrrgreindum hætti og hafi aðgæsluskylða þess verið sérlega rík með hliðsjón af því að um stóra árshátíð, með tilheyrandi notkun á sviðinu, var að ræða.

Með bréfi dags. 4. desember 2025, hafi V hafnað því að bótaskylda væri til staðar. Hafi V m.a. byggt höfnun sína á því að það sé almenn venja að hafa ekki handrið á tröppum séu þær lægri en 90 sentimetrar. V hafi engar sönnur færð fyrir tilvist slíkrar venju og jafnvel þó venja standi til einhvers komi það ekki í veg fyrir að skaðabótaskylda skapist á grundvelli brots á skráðum háttarnisreglum. V hafi einnig byggt á því að tröppurnar væru af tiltekinni gerð sem ekki væri hægt að festa handrið við væru þær í þeirri hæð sem raunin var umrætt kvöld, þ.e. ekki væri hægt að setja handrið á tröppur sem væru undir 60 sentimetrum. Af þeim ljósmyndum sem M leggi fram megi hins vegar sjá að hæð sviðsins var 60,5 sentimetrar og í leiðbeiningum komi skýrt fram að unnt sé að setja handrið við svið sem sé á bilinu 60 til 100 sentimetrar að hæð. Hafi því verið um vanbúnað að ræða, auk þess sem val X á tröppum eigi ekki að leiða til þess að M eigi ekki rétt til bóta, enda hafi það að setja ekki upp handrið falið í sér saknæma vanrækslu. Telji M því skýrt að bótaskylda úr ábyrgðartryggingu X sé fyrir hendi.

Í bréfi V til nefndarinnar er lýst þeirri afstöðu að tjón M megi rekja til óhappatilviks eða aðgæsluleysis hennar sjálftrar, en af gögnum sé ljóst að hún hafi verið undir áfengisáhrifum, en ekki atvika sem X verði gert að bera skaðabótaábyrgð vegna. Samkvæmt upplýsingum frá X hafi hallinn á stiganum ekki verið mikill, eða um 27,5° og hæð hans hafi heldur ekki verið mikil. Samkvæmt X sé það þá almenn venja að setja ekki handrið á slíka stiga sé sviðið sem þeir liggja að lægra en 90 sentimetrar á hæð. Sviðið sem um ræddi á slysdegi hafi verið 60 sentimetra hátt og samkvæmt framleiðanda trappanna sé ekki hægt að setja handrið við tröppur þegar hæð sviðs er undir 60 sentimetrum. Það hvíli á M að sýna fram á að slys hennar megi rekja til skaðabótaskyldra athafna eða athafnaleysis af hálfu X og að mati V hafi slík sönnun ekki tekist.

Álit.

Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Það hvílir því á M að sýna fram á að hún hafi orðið fyrir tjóni sem sé að rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis X, starfsmanna þess eða annarra atvika eða aðstæðna sem X verði gert að bera skaðabótaábyrgð vegna.

Í 6.5. kafla byggingarreglugerðar, þar sem fjallað er um handrið og handlista segir að handrið skuli vera á öllum svölum bygginga, stigum, tröppum, pöllum, skábrautum og annars staðar þar sem hætta er á falli. Kemur þá skýrt fram í 3. mgr. gr. 6.5.1 að að meginstefnu til skuli handrið vera báðum megin á öllum stigum/tröppum og skábrautum. Hins vegar verður að taka til skoðunar hvort umræddur útbúnaður, þ.e. færanlegt svið með færanlegum tröppum falli undir gildissvið reglugerðarinnar. Í gildissviðsákvæði 1.1.2. gr. hennar kemur fram að byggingarreglugerðin gildi um öll mannvirki sem reist eru á landi, ofan jarðar eða neðan. Þá kemur fram að hún gildi um alla þætti mannvirkja. Hins vegar þarf að taka til skoðunar hvort umræddur útbúnaður sem tímabundið var settur upp í veislusal geti talist vera mannvirki eða þáttur mannvirkis í skilningi reglugerðarinnar. Í lögum um mannvirki nr. 160/2010 er, í 13. tl. 3. gr., hugtakið mannvirki skilgreint svo: *Hvers konar jarðföst, manngerð smíð, svo sem hús og aðrar byggingar eða skýli, virkjanir, dreifi- og flutningskerfi rafveitna, hitaveitna, vatnsveitna og fjarskipta, fráveitumannvirki, umferðar- og göngubryr í þéttbýli, stór skilti og togbrautir til fólksflutninga. Til mannvirkja teljast einnig tímabundnar og lausar byggingar sem ætlaðar eru til svefns eða daglegrar dvalar manna í fjóra mánuði eða lengur á sama stað, svo sem starfsmannabúðir og húsvagnar. Mannvirki á eða í hafi, vötnum og ám sem hafa fasta staðsetningu teljast einnig til mannvirkja samkvæmt lögum þessum.* Verður af framangreindu að telja ósannað að svið sem tímabundið er sett upp vegna skemmtunar og tröppur sem að því liggja falli undir byggingarreglugerð með þeim hætti að fyrrgreindur áskilnaður hennar um handrið við tröppur eigi við.

Verður þá að taka til skoðunar hvort önnur rök leiði til þess að umræddur útbúnaður hafi verið óforsvaranlegur eða haft í för með sér augljósa slysaðættu.

Fyrir nefndinni liggur myndband af tittnefndum tröppum og manni að ganga niður þær. Af því má greina að fjögur þrep eru í tröppunum og ekki verður annað séð en að halli á tröppunum sé lítill, enda má ráða af gögnum málsins að þær hafi verið 60 sentimetrar á hæð. Verður þá ekki ráðið af myndbandinu eða málsgögnum að þrepin hafi verið hál eða með óeðlilega lítið viðnám.

Er það af framansögðu mat nefndarinnar að ekki hafi verið um augljósa slysaðættu að ræða eða að tröppurnar hafi verið óforsvaranlegar að gerð þannig að sérstök hætta hafi verið á falli. Er að mati nefndarinnar ekki sýnt fram á að tjón M sé að rekja til annars en óhappatilviks. Eru því ekki sýnt fram á að skilyrði skaðabótaskyldu séu uppfyllt. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni verður M að bera hallann af því og er þar af leiðandi óhjákvæmilegt að hafna kröfu hennar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 27. apríl 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Anna Lilja Ragnarsdóttir